



RAFRÆNAR INNSENDINGAR Á GÖNUM

Innsendingar fyrir Edduna 2011 eru einfaldaðar frá því sem áður var og fara nú eingöngu rafrænt fram. Eftir að framleiðendur hafa skilað inn fylgiblaði og kvittun fyrir greiðslu innsendingargjalda, þá fá þeir úthlutað frá Kvíkmyndamiðstöð aðgangi að FTP svæði hjá EJS þar sem þeir hlaða upp kvíkmyndaefninu sem sent er inn á H.264 formati (sjá tæknistaðal að neðan). 90 mínútna mynd ætti að verða að hámarki um 700 Mb í þessu formati.

Efnið sem sent er inn verður síðan gert dómnefdarmönnum aðgengilegt á varinni vefsíðu með aðgangi að því efni sem viðkomandi dómnefnd á að skoða. Vefsíðan er vistuð hjá EJS sem er tæknilegur bakhjarl Eddunnar 2011 og gætt verður sérstaklega að aðgangsstýringum að efninu.

Auk þess að hlaða upp myndefninu þurfa framleiðendur að hlaða upp að lágmarki 1 mínútu og að hámarki 4 mínútum af myndefni úr kvíkmyndaverkinu í DV-Pal formati sem notað verður í útsendingu á Eddunni. Gæta skal að því leikarar í helstu hlutverkum komi fram í þessum stíklum.

Það er undir framleiðendum sjálfum komið að setja vatnsmerki á innsent efni.

Öllum gögnum sem hlaðið er upp í tengslum við innsendingar verður eytt viku eftir að verðlaun hafa verið afhent, í samræmi við starfsreglur ÍKSA.

Gæta skal vel að því að nefna myndafæla með heiti verks sem er í innsendingargögnum með réttri endingu (.mov)

KVIKMYNDAVERKIÐ FYRIR DÓMNEFNDIR	DV-PAL - lágmark 1 mín. – hámark 4 mín
Mynd: Compression: H.264 Quality: High Bitrate: 1000 kbits/sec Framerendering: yes Dimensions: 853 x 480 Scale: Letterbox Hljóð: Format: AAC Samplerate: 48.000 kHz Channels: Stereo (L R) Bitrate: 128 kbps	Mynd: Format: DV 25, QuickTime DV-PAL Aspect Ratio 16:9 (16:9 Full Height Anamorphic) Pixels: 720 x 576 Hljóð: Tíðni: 48kHz Dýpt: 16 bita Rásir: 1 og 2 Stereo

Ef spurningar vakna, þá hafið samband við ÍKSA á netfanginu eddan@eddan.is

EJS | HLUTI AF **SKÝRR** **Microsoft**®

Tæknilegir bakhjarlar Eddunar 2011

